NÁTTÚRULEIKSKÓLINN
KRAKKAKOT

2019-2020

Ársskýrsla

Hjördís G. Ólafsdóttir
Náttúruleikskólinn Krakkakot
12. Júní 2020

Efnisyfirlit

Inngangur 4
Innra starf 4
Mat á innra starfi út frá starfsáætlun. 4
Uppeldi til ábyrgðar 4
Leikurinn 5
Hugarfrelsi 5
Vináttuverkefni Barnaheilla – Blær bangsi 5
Læsi/Lesmál/Markviss málörvun 6
Lubbi finnur málbein 6
Skapandi efniviður 7
Auka listnám með Díönu 7
Vettvangsferðir og útikennsla 7
Námssögumöppur – skráning 8
Grænfáninn 8
Verkefni elstu barnanna 9
Starfsmannakönnun skólapúlsins 9
Hreyfing í vinnunni 13
Matsþættir út frá matsáætlun 13
Skólanámskrá 13
Dagskipulag leikskólans. 13
Nýbreytni og þróunarverkefni 15
Tökum skrefin saman 15
„Hreyfum okkur saman höfum gaman“ 15
Mannauður skólans 16
Starfsfólk 16
Sumarstarfsmenn 17
Starfsþróun 17
Barnahópurinn 18
Barnahópurinn tölulegar upplýsingar 18
Stoðþjónusta 19
Foreldrasamstarf 20
Foreldraviðtöl 20
Þátttaka foreldra/fjölskyldu í leikskólastarfinu 21

Foreldraráð 21
Foreldrafélag 22
Túlkaþjónusta fyrir foreldra 22
Öryggismál 22
Slys á börnum 22
Slys á starfsfólki 23
Skráningar og eftirlit 23
Húsnæði og viðhald 24
Lokaorð 25

Inngangur

Ársskýrsla þessi tekur til skólaársins 1. júní 2019 – 31. maí 2020. Hún byggir á því starfi sem unnið hefur verið í Náttúruleikskólanum Krakkakoti þetta síðasta skólaár. Í ársskýrslunni koma fram þeir þættir sem lagt var mat á samkvæmt starfsáætlun fyrir árið 2019 – 2020 ásamt helstu áherslum leikskólastarfsins þetta skólaár..

Innra starf

Leikskólastarf í Krakkakoti grundvallast af lögum um leikskóla nr. 90/2008 og Aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla eru grunnþættir menntunar læsi, sköpun, sjálfbærni, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði og velferð. Einnig byggjum við starf okkar á skólastefnu Garðabæjar.

Sérstaða náttúruleikskólans Krakkakots er að við vinnum samkvæmt uppeldisstefnunni „Uppeldi til ábyrgðar“. Skólinn hefur um langt árabil lagt áherslu á að frjáls leikur barns sé helsta náms- og þroskaleið þess. Þess vegna gefum við leiknum mikinn tíma og rými í daglegu starfi skólans. Skólinn vinnur að innleiðingu tveggja þróunarverkefna sem skólinn hefur fengið styrk frá þróunarsjóði leikskóla Garðabæjar til að innleiða í starf sitt.

Með allt ofangreint að leiðarljósi vörðum við leið að samþættu og skapandi leikskólastarfi sem hefur þarfir einstaklingsins að leiðarljósi á náms- og þroskaleið hans.

Mat á leikskólastarfi er bæði formlegt og óformlegt. Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfinu og vinna kerfisbundið að því að auðga gæði þess og gera það skilvirkara. Mat á skólastarfi fer fram á deildarstjórfundum, deildarfundum, starfsdögum og í dagsins önn með skráningum. Mat fer einnig fram í foreldraviðtölum og rýnihópum. Mat á skólastarfi hefur raskast töluvert þetta skólár vegna alheimsfaraldurs Covid - 19 en reglulegt mat á skólastar fór ekki fram frá byrjun mars og þar til um miðjan maí 2020 vegna faraldursins og náðist því ekki alveg að fylgja matsáætlun fyrir þetta skólaár. Umbótaáætlun verður sett fram út frá niðurstöðum mats um það sem betur má fara í skólastarfinu.

Mat á innra starfi út frá starfsáætlun.

Uppeldi til ábyrgðar

Skólaárið 2019 – 2020 var unnið með fastar áherslur í skólastarfinu eins og uppeldis- og agastefnu skólans „Uppeldi til ábyrgðar“ og var hún lögð inn með barnahópnum eins og gert er á hverju hausti.

Við mat á verkefninu kemur í ljós að allar deildar vinna að settu markmiði við að leggja inn uppeldi til ábyrgðar inni á öllum deildum skólans. Þarfahringurinn lagður inn og endað á sáttmálagerð fyrir hverja deild. Ekki tókst að leggja inn með börnunum „mitt og þitt hlutverk“ eins og til stóð og bíður það næsta vetrar. Mat kennara er að þetta sé hluti að upphafi skólaársins og allir meðvitaðir um það.

Leikurinn

Leikurinn á alltaf stærstan sess í leikskólastarfinu og er honum ævinlega gefið mikið rými í daglegu starfi skólans. Leikefnið þarf að vera áhugavert og þroskandi og hæfa aldri barnanna. Lögð er áhersla á opinn efnivið sem leikefni.
Við mat á leikefni skólans voru kennarar sammála um að leikefnið væri fjölbreitt og þroskandi og hæfði þroska barnanna. Á yngri deildum þarf að vera meðvitaður um að bæta inn meira krefjandi efniviði eftir því sem börnin eldast. Öllum bar saman um að opin efniviður væri nýttur í leik barnanna s.s. pappakassar, efnisbútar, slæður, trékubbar og allt mögulegt sem til fellur.

Hugarfrelsi

Hugarfrelsi er verkefni sem búið er að vera í skólastarfinu í nokkur ár og er börnunum kennd öndun, slökun, hugleiðsla, hvíld og margir bæta jógaæfingum inn í stundirnar. Þessar stundir eru alltaf einu sinn til tvisvar i í viku á eldri deildunum og er gripið til öndunar og slökunar þegar þurfa þykir. Á yngri deildum eru gerðar öndunaræfingar fyrir svefn eftir hádegismat.
Starfsfólk er sammála um að það gangi vel að halda þessum þætti inn í starfsemi skólans en það hafi ekki allir jafn mikinn áhuga á þessu verkefni.

Vináttuverkefni Barnaheilla – Blær bangsi

Vináttuverkefni Barnaheilla er orðið fastur liður í skólastarfinu og eru sérstakar „kærleiksstundir“ á föstudögum þar sem kennsluefni vináttuverkefnisins er nýtt í stundunum. Blær fer í frí á sumrin og kemur aftur í starfið að hausti. Blær kemur alltaf á einhvern

skemmtilegan hátt aftur inn í leikskólastarfið. Í haust mætti hann með fjórum hljóðfæraleikurum þar sem var sungið og trallað af hjartans lyst.
Að mati kennara þá er kennsluefnið nýtt að meðaltali einu sinni í viku á hverri deild. Elstu börnin leita ekki mikið eftir huggun hjá Blæ en finnst gaman að leika með hann og t.d. búa til föt á hann. Yngstu börnin nota hann hins vegar daglega. Blær hefur verið mikið notaður í „kærleiksstundum“ á föstudögum og þá er einnig tekin fyrir samræðuspjald úr kennsluefninu.

Læsi/Lesmál/Markviss málörvun

Í Krakkakoti er unnið með markvissa málörvun og er unnið út frá Læsistefnu Krakkakots en í henni er vörðuð sú leið sem unnið er eftir til að leggja grunn að lestrarnámi barna. Lögð er sérstök áhersla á að efla málþroska og tjáningu, auka orðaforða og efla hlustun.

Það er mat kennara að mjög vel gangi að vinna með læsi í Krakkakoti, mikið lesið og sungið. Læsistefna Krakkakots nýtt við daglega málölvun í samverustundum, o rð sett á allar athafnir, staldrað við erfið orð við bókalestur og þau útskýrð. Lögð er áhersla á rím, samstöfur, fyrsta hljóð í orði, andheiti og samheiti, samsett orð og margræð orð.

Lubbi finnur málbein

Frá haustinu 2018 hefur verið unnið að þessu skemmtilega verkefni Lubbi finnur málbein. Þar er lögð áhersla á íslensku málhljóðin og þannig lagður grunnur að lestri og ritun. Deildarnar vinna með eitt málhljóð í viku og auglýsa það í fataklefa deildarinnar svo foreldrar geti fylgst með. Unnið er með málhljóðakassa og allskonar kennsluefni í tengslum við Lubbaverkefnið ásamt öllu kennsluefninu um Lubbi finnur málbein. Við mat á verkefninu kom í ljós að allir eru að leggja inn málhljóð vikunnar en á yngri deildunum málhljóð mánaðarins og mætti hafa það tvisvar í mánuði. Á einni deildinni setti starfsmannavelta strik í þessa vinnu sem fór svo vel af stað aftur eftir áramótin.

Skapandi efniviður

Lögð er áhersla á að hafa gott aðgengi að opnum efniviði eins og pappír, límu, skærum, litum, málningu og verðlausum efnivið í listakrók. Daglega eiga börn að hafa aðgengi að listakrók og þeim efnivið sem listakrókur hefur uppá að bjóða. Markmiðið er að börnin hafi frelsi til að skapa sjálf á sínum forsendum, á yngri deildum er meira að kennarar leggi fram efniviðinn og fyrirfram álveðin verkefni en börnin fá frelsi til að gera eins og þau vilja. Þessi markmið okkar haldast vel inni og allir eru duglegir að safna verðlausum efnivið. Pappakassar og allskonar efniviður sem til fellur á heimilum og í skólanum sjálfum er nýtt til sköpunar og leiks. Listakrókur er nýttur daglega og þar er opin efniviður í boði alla daga og verkefni barnanna bæði stýrð af kennara og óstýrð, þ.e. börnin ráða för í sköpun sinni og hugmyndir þeirra fá að lifna við.

Auka listnám með Díönu

Í listaskála Krakkakots hefur Díana listgreinakennari höfuðstöðvar. Hún vinnur að skapandi verkefnum með elstu tveim árgöngum skólann. Hún kennir þeim formfræði og skoðar listaverkabækur og fjallar um listamenn. Í sameiningu skapa Díana og börnin töflusögur sem þau vinna svo áfram með og skapa sína upplifun af sögunni. Við mat á þessu verkefni sjá kennarar mikla framför í teikningu og áhugi barnanna á teikningu eykst mikið við þessa kennslu Díönu. Kennarar líta á listasmiðju sem mjög góða viðbót við skapandi starf í Krakkakoti og finna að börnin njóta virkilega þessara stunda.

Vettvangsferðir og útikennsla

Gönguferðir eru á dagskrá einu sinni í viku og hefur það gengið vel hjá eldri deildunum fyrir utan þegar veður hafa sett strik í reikninginn. Yngri deildarnar hafa ekki náða að fara

markvisst í vettvangsferðir í hverri viku, mörg barnanna eru ekki farin að ganga þegar þau byrja í leikskólanum og því mikil áskorun fyrir þau að læra á útisvæðið. Markmiðið með vettvangsferðum er hreyfing og aukið úthald ásamt því að kenna umferðarreglur og kenna umgengni við náttúruna. Einnig að læra um allskonar náttúrufyrirbrigði eins og veður, skýjafar, fjarlægð, áttir, fugla, gróður, sjávarföll og svo mætti lengi telja. Kennarar merkja mikla ánægju hjá börnunum í vettvangsferðum og börnunum finnst þetta mjög gaman.

Námssögumöppur – skráning

Skráning námssaga heldur áfram og gengur nokkuð vel en eru afar tímafrekar og oftar en ekki eingöngu verkefni deildastjóra. Deildastjórum finnst undirbúningstímarnir fara mikið í þetta verkefni en undirbúninginn þarf að nýta í svo margt annað.Vonast er til að allir starfsmenn muni í framtíðinni skrá námsögur. Við mat á námsöguskráningu kom í ljós að það sem er hamlandi og tímafrekt er að námsögur eru unnar á ipad í bookcreator og það hefur ekki gengið vel ýmist er engin nettenging og ekki hægt að prenta út úr Ipad. Einnig þarf að virkja aðra betur og gott væri að hafa undirbúningstímana lengri eða sveigjanlegri. Allir vildu halda áfram að skrifa námsögur.

Grænfáninn

Skólaárið 2019 – 2010 hefur verið unnið að þeim markmiðum sem við höfum nú þegar náð en ákveðið var að geyma það enn um sinn að flagga fánanum í sjötta sinn sem stefnt var að 2019.

Verkefni elstu barnanna

Stærðfræðiverkefnin Í talnalandi 1 og Í talnalandi 2 eftir Hafdísi Finnbogadóttur var notað í markvissum stundum elstu barnanna í vetur. Efnið er fyrir leikskólabörn og eru áherslurnar lagðar á hugtök og talnaskilning sem og talnaskráningu, talnalæsi, form og mynstur. Elstu börnin fara að meðaltali einu sinni í mánuði í heimsókn í Álftanesskóla og kynnast hinum ýmsu hliðum skólans. Börnin fóru í heimsókn til fyrsta bekkjar, í heimils fræði, textilmennt, matsalinn, íþróttir, frístund, morgunsamverur, og leikfangadag. Fyrirhugaðar heimsóknir í Álftanesskóla á vordögum eins og heimsókn í frístund og heimsókn í 1. Bekk með nesti féllu niður vegna heimsfaraldurs.Í vor fóru þau svo með myndir af sér sem voru hengdar upp í skólanum undir yfirskriftinni „Væntanlegir nemendur“.

Hljómpróf voru tekin af öllum börnum í árgangi 2014 í október og aftur í febrúar hjá þeim börnum sem ekki komu vel út í október.

Deildarstjórar ásamt tengiliði grunnskóla hittast þrisvar sinnum yfir skólaárið og leggja línurnar og meta samstarfið. Allir eru ákaflegar ánægðir með samstarfið og hvernig til hefur tekist. Allt umhverfi grunnskólans er orðið börnunum kunnugt þegar þau byrja í Álftanesskóla. Samstafið við Álftanesskóla er til mikillar fyrirmyndar.

Starfsmannakönnun skólapúlsins

Leikskólapúlsinn er vefkannanakerfi sem leggur kannanir fyrir foreldra og starfsmenn í leikskólum í Garðabæ annað hvert á hjá hvorum hópi.

Niðurstöður úr Starfsmannakönnun Leikskólapúlsins 2020

Þátttaka starfsmanna var nokkuð góð eða 90%

Starfsmannakönnun innihélt matsþættina:

- Starfið
- Starfsmenn
- Vinnustaðurinn
- Stjórnun
- Uppeldi og menntun
- Símenntun og undirbúningstími

- Opnar spurningar

Niðurstöður sýna að leikskólinn var yfir landsmeðaltali í mjög mörgum þáttum og fengum við 11 stjörnumerkta matsþætti sem þýðir að skólinn er yfir landsmeðaltali í tilteknum matsþáttum. Í öðrum matsþáttum dansaði skólinn á meðaltalslínunni en betur má gera í endurmenntun starfsmanna.

- Starfið: Vinnuálag, skýrleiki hlutverks, ágreiningu um hlutverk og jákvæðar áskornir í starfi.
    - Starfsfólki fannst ekki mikið vinnuálag en tímar kæmu þar sem þeir þyrftu að finna á miklu hraða og mikið væri að gera.Starfsfólk fannst markmið í starfi skýr og voru meðvituð um hvað félli undir ábyrgð þess og til hver er ætlast af þeim. Fannst hlutverk þeirra skýrt og fá ekki misvísandi skilaboð. Alli voru sammála um að starf þeirra væri mikilvægt og krefjandi í jákvæðri merkingu og að kunnátta þeirra nýtist í starfi

- Starfsmenn: Leikni í starfi, skuldbinding til vinnustaðarins, skörun vinnu og einkalífs.
    - Starfsfólk er sammála um að vinnustaðurinn sé góður og gildi þeirra samræmist vel gildum vinnustaðarins og vinnustaðurinn veit þeim hvatningu til að standa sig sem allra best í starfi. Starfsmenn telja kröfur í vinnunni trufla heimilis og fjölskyldulíf lítið.

- Vinnustaðurinn: Starfsandi á vinnustaðnum.
    - Starfsmenn voru sammála um að starfsandinn væri mjög góður, vinnuumhverfið hvetjandi og styðjandi. Engin merki um tortryggni og vantraust og vinnustaðurinn afslappandi og þægilegur. Stuðningur frá samstarfsfóli góður og gott að geta tjáð sig um vandamál sem upp kunna að koma. Starfsmenn telja að starfsmenn sýni frumkvæði og að samskipti á þeirra vinnusvæði sé góð og auðvelt sé að koma með tillögur til úrbóta. Allir sammála um að ekki sé gerður mismunur gagnvart konum og körlum eða yngri starfsmönnum. Einelti þekkist ekki ein svaraði að hann hefði séð einelti eða áreiti undanfarna sex mánuði.

- Stjórnun:
    - Flesti telja sig fá stuðning og aðstoð frá næsta yfirmanni og að hann hlusti á vandamál sem kunni að koma upp. Flestir telja líka að vinnuframlag þeirra sé metið að verðleikum. Starfmenn eru sammála um að næsti yfirmaður úthluti verkefnum á hlutlausan og réttlátan hátt og komi fram við starfsmenn af réttlæti og jafnræði. Samband við næsta yfirmann veldur lítilli streitu. Flestir segja að næsti yfirmaður hvetji til þátttöku í mikilvægum ákvörðunum og hvetji starfsmenn til þess að láta skoðanir sínar í ljós. Flestir telja sig frá yfirmanni til að auka færni sína í starfi. Starfsmenn voru sammála um að þeir fengju hrós og umbun fyrir vel unnin störf og að hugsað sé vel um starfsfólki á vinnustaðnum, heilsu þess og velferð.

- Uppeldi og menntun: Trú á eigin getu við uppeldi og menntun barnanna, trú á eigin getu við daglegt skipulag, trú á eigin getu við að tryggja jöfnuð, samstarf í leikskólanum, virkar umræður um starfið, virkni foreldra í leikskólastarfinu, aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans, ánægja með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir, upplýsingar og stuðningur vegna barna með sérþarfir.
    - Flestir meta það svo að eiga auðvelt með að ýta undir félagsfærni, virka þátttöku barna, hvetja börn til að taka frumkvæði, skilja tilfinningar þeirra og hvetja til fjölbreyttra námsleiða. Starfsfólk er sammála um að þeir láti neikvæðar tilfinningar ekki hafa áhrif á viðbrögð við hegðun barns og að þeir eigi auðvelt með að bregðast við þörfum barnanna og hjálpa þeim að leysa ágreining og styðja börn við að leysa deilur. Allir eiga auðvelt með að veita börnum umhyggju og líkamlega umönnun.
    - Starfsfólk er sammála um að auðvelt sé að sinna hópastarfi, hvíld, frjálsum leik og útveru einhverjir eiga erfitt með skapandi starfi, samverustundir, samskipti við foreldra og stuðning við börn með sérþarfir.
    - Flestir eiga auðvelt með að kynnast börnunum og bakgrunni þeirra, að koma til móts við börn af ólíkum uppruna og menningu og að sjá til þess að ekkert barn sé útilokað úr hópnum.
    - Starfsfólk er mjög sammála að samstarf á deildinni þeirra sé gott sem og samstarf milli deilda og að deildastjórar vinni vel saman. Samstarf allra í leikskólanum er gott að mati starfsfólks.

- Þegar kemur að mati starfsfólks um virkar samræður um starfið kemur í ljós að það er nokkur munur á svörum starfsmanna varðandi hversu oft starfsfólk á samræður um starfið í skólanum og um það hvernig börn læra. Um stjórnun og forustu og annað sem snýr að starfinu.
- Starfsfólki finnst virkni foreldra í skólastarfinu nokkuð góð og að foreldrar taki virkan þátt við upphaf leikskólagöngu barna sinna, fylgist vel með framförum barna sinna en mættu taka meiri þátt í fundum sem skólinn boðar til.
- Flestir voru sammála um að gott aðgengi sé að sérfræðingum utan skólans og mikil ánægja er með stuðning við börn með sérþarfi í skólanum og að upplýsingaflæði vegna þeirra sé gott.

- <u>Símenntun og undirbúningstími: Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúning, hlutfall sem fær nægan undirbúning, þátttaka í þróunarstarfi, starfsþróunarsamtal.</u>
  - Nær allir starfsmenn segjast fá undirbúningstíma og flestum finnst þeir fá nægan undirbúningstíma.
  - 63,6% starfsmanna segjast hafa tekið þátt í þróunarstarfi á síðastliðnum 12 mánuðum.
  - 59% sögðust hafa farið í starfsþróunarsamtal á árinu.
  - Flestir töldu að þeir hefðu nokkra þörf fyrir meir færni og þekkingu á mörgu sem viðkemur leikskólastarfinu s.s. skráningu á þroska og námi, skipulagningu á daglegu starfi, inntak aðalnámskrár, fylgjast með menntunarfræði ungra barna og börnum með sérþarfir. Einnig nokkra þörf fyrir hegðun barna og samstarfi við foreldra.
  - 52,4% starfsfólks hefði viljað taka meiri þátt í símenntun en það gerði og að ástæðan væri helst að það væri út af of litlu svigrúmi vegna vinnutíma.

Starfsfólk fékk opnar spurningar og það beðið um að lýsa því sem er gott og einnig því sem má gera betur. Hér er aðeins stiklað á stóru.

- Starfsfólk var sammála um góðan starfsanda, fagmennsku og gott samstarf, hlýlegt og heimilislegt andrúmsloft. Stjórnendur skilningsríkir og gera öllum jafn hátt undir höfði. Góður vinnustaður sem einkennist af samhug, umhyggju, gleði og jákvæðu viðmóti.

- Fátt kom sem betur mætti fara, það helsta sem kom fram var að það mætti vera gólfhiti á deildunum eins og er á einni deild. Stytting vinnuviku og hæfilegur fjöldi barna á deild.

Hreyfing í vinnunni

Hreyfiverkefnið heldur áfram og lætur engan bilbug á sér finna. Allir finna mikilvægi hreyfingarinnar og hvað það er nauðsynlegt að geta kúplað sig út úr hinu daglega amstri og finnst þau koma ferskari til baka.

Matsþættir út frá matsáætlun

Skólanámskrá

Sett voru markmið að klára að endurskoða skólanámskránna 2020. Skólastjórar eru búnar að lesa námskrána yfir og setja niður hvaða upplýsingar vantar í námskrána s.s. þróunarverkefni og þær nýjungar sem við höfum tekið upp frá því að skólanámsskráin leit dagsins ljós fyrst. Ljóst er að ekki næst að klára alveg að skrifa inn í skólanámskránna það sem vantar uppá fyrr en á næsta skólaári. Covid – 19 faraldurinn setti mikið strik í alla starfsemi og margt er á eftir áætlun.

Dagskipulag leikskólans.

Matspurningin var, er horft til allra grunnþátta menntunar í dagskipulagi skólans? Starfsfólk skólans framkvæmdi mat á eftirfarandi þáttum.

Læsi:

Hvað gerum við? Málörvunarstundir, Lubbastundir, orð sett á allar athafnir, lestur, söngur, þulur, samskipti, samvinna, samtal, lesa saman, töflusögur, teikna, spila, náttúruskoðun og vettvangsferðir.

Hvar og hvernig? Í öllum athöfnum daglegs lífs í skólanum, samverustundum, matartímum, fataklefa, listakrók, gönguferðum, útiveru og í öllum samskiptum við börn og fullorðna.

Sjálfbærni:

Hvað gerum við? Nýtum orðræðuna í uppbyggingarstefnunni, börnin virkjuð til að aðstoða kennarana, börnin hvött til sjálfshjálpar, heilbrygðir lifnaðarhættir kynntir fyrir börnunum og hollur og góður matur framreiddur í leikskólanum, dýrunum okkar gefin afgangsmatur, seljum dýr sem fæðast í Krakkakoti fyrir mat fyrir fugla, kanínur og froska. Flokkum mjög mikið allt

sorp og það sem gengur úr sér. Nýtum allt sem hægt er að nýta til listsköpunar. Gætum að notkun á rafmagni og vatni. Gætum vel að umhverfinu og umgengni um náttúruna.
Hvar og hvernig? Inni á deildum, börnin fá að vera þátttakendur í flokkun, endurnýtum hluti í listakrók, slökkvum ljós og látum vatn ekki renna að óþörfu, söfnum matarúrgangi fyrir dýrin í „Guggu gráðugu". Í allri sköpun og í leiknum alla daga og í öllum aðstæðum.

Heilbrigði og velferð:
Hvað gerum við og hvernig? Öryggi barna tryggt**.** Hugum að þörfum allra og koma til móts við þær. Að börnin fái góða hreyfingu, næringu og svefn. Eflum sjálfstæði og sjálfstraust með uppeldi til ábyrgðar. Börnum kennt hreinlæti og nauðsyn góðrar hvíldar. Mikið lagt upp úr jákvæðum samskiptum. Gefum börnunum ást og umhyggju. Næg útivera.
Hvar? Í öllum athögnum daglegs starfs. Inni á deild, úti, í íþróttahúsinu, í hvíld, á salerni.

Lýðræði og mannréttindi:
Hvað gerum við og hvernig? Börnin hafa alltaf val, passað uppá að allir fái jafna athygli, allir taka jafnan þátt, engum mismunað, sýnum börnum og samstarfsfólki virðingu.
Hvar? Í öllum daglegu starfi alla daga.

Jafnrétti:
Hvað gerum við og hvernig? Gætt að því að bæði drengir og stúlkur frái sömu möguleika. Að raddir allra fái að heyrast. Allir hvattir til að taka þátt og þeim hjálpað sem á þurfa að halda. Efniviður skólans er fyrir alla og engin kynjamunur, strákar geta farið í kjóla og stelpur í bílaleik. Sömu kröfur gerðar til barna óháð kyni. Skoðanir allra og innsæi virt og tekið mið að sjónarmiðum barnanna í leikskólastarfinu.
Hvar? Í öllum daglegum athöfnum í leik og starfi.

Sköpun:
Hvað gerum við og hvernig? Börnin fá frelsi til að skapa og gera eins og þau vilja. Í leiknum fá þau að skapa á eigin forsendum. Boðið upp á fjölbreyttan efnivið eins og leir, liti, skæri, lím, snæri, málningu, tússpenna. Leikefni fjölbreytt til sköpunar eins og allskonar kubbar, tilraunir, uppgötvanir, prófa nýja hluti, gróðursetning og sandleikir. Börnin hvött til frásagnar, setja upp leikrit, segja frá teikna og skrifa sögur. Börnin fá að tjá upplifanir sínar og njóta þessa að finna ánægju í öllu sköpunarferlinu.

Hvar? Allann daginn, alla daga. Sköpun er stór þáttur í öllu skólastarfinu og hefur verið mjög lengi og er orðin að menningu í skólanum.

Nýbreytni og þróunarverkefni

Tökum skrefin saman

Er þróunarverkefni sem unnið er í samstarfi við þær Hrönn Pálmadóttur og Ingibjörgu Ósk Sigurðardóttur hjá Háskóla Íslands – menntavísindasviði. Það eru skólarnir Hnoðraholt , Sunnuhvoll og Krakkakoti sem vinna að þessu þróunarverkefni saman. Allt starfsfólkið sem vinnur að verkefninu hefur hist tvisvar á tímabilinu og þrisvar sinnum hafa eingöngu deildarstjórar þeirra deilda sem vinna með verkefnið hist. Það hefur verið góður gangur í verkefninu en botninn datt nokkuð úr verkefninu þegar Covid – 19 skall á þjóðinni og leikskólastarfið var með öðrum blæ.

„Hreyfum okkur saman höfum gaman“

Þróunarverkefnið „hreyfum okkur saman höfum gaman“ fór af stað í júní 2019 og lagt var upp með það að gera litla salinn okkar þannig úr garði að við gætum stundað markviss a hreyfingu þar á hverjum degi. Fljótlega kom þó í ljós að elstu börnin sem vön voru að fara í krefjandi þrautabrautir í íþróttamiðstöð Álftaness og þeir sem voru á fótboltanámskeiðum einu sinni í viku fannst ekki mikið til hreyfingarinnar sem við gátum framkvæmt í litla salnum koma. Verkefnið þróaðist þá í það að vinna eftir bókinni Færni til framtíðar og færa markvissa hreyfingu meira út og leggja áherslu á úthald og þol, hugrekki og allar grunnhreyfinga r mannsins. Grunnhreyfingar mannsins, eru; ganga, hlaupa, kasta, grípa, rekja, hoppa, stökkva, klifra, hanga, snerta, velta sér, skríða, rúlla og sveifla.

Yngstu börnin voru meira í litla salnum og inni á deildum að æfa grunnhreyfingarnar en þó einnig að einhverju marki útivið meðan vel viðraði. Við mat á verkefninu kom fram að það gekk vel þó það hafi þróast í

aðra átt en við sáum fyrir okkur í upphafi. Erfiðast var að koma tímunum í fasta rútínu og að búa til fjölbreytt verkefni sem innihéldu grunnhreyfingarnar. Þá er einnig mikilvægt að hafa börnin í litlum hópum þá gengu stundirnar miklu betur og meiri líkur á að slökunin og jógað heppnaðist vel.

Mat barnanna á verkefninu eru mjög jákvæð. Spurningarnar sem lagðar voru fyrir börnin voru þessar: Er gaman í hreyfingu/íþróttahúsi? Hvað er skemmtilegast? Hvað er leiðinlegast? Hvað vildir þú gera öðruvísi í hreyfingu

Mannauður skólans

Starfsfólk

Í maí 2020 störfuðu 30 starfsmenn við skólann í samtals 25,75% stöðugildum þar af voru 1,85% stöðugildi með stuðningskennslu. Tveir starfsmenn eru í lausu leyfi. Fyrirtækið Dagar sjá um öll þrif í skólanum.



Starfsmannasamtöl fóru fram í mars og apríl og maí og dróst því mjög á langinn vegna heimsfaraldursins Covid-19. Starfsmenn voru mjög ánægðir í starfi og töldu starfsumhverfi

gott og starfið mjög gott. Samhljómur var í niðurstöðum starfsmannasamtala og niðurstöðum starfsmannakönnunar skólapúslsins. Vantar mynd af starfsmannahópnum.
Upplýsingaflæði til starfsfólks er afar mikilvægt og skapar mikið öryggi í starfi.

Sumarstarfsmenn

Sumarið 2019 störfuðu 8 ungmenni við skólann á vegum Garðabæjar, þar af var einn flokkstjóri yfir ungmennunum.

Starfsþróun

Fræðsla	**Fjöldi**
Faglegur leiðtogi (Guðrún Snorradóttir)	Leikskólastjórnendur
Mörk – hlutverk og heilbrigð samskipti (Díana Ósk)	Leikskólastjórnendur
Foreldrasamskipti (skólastjóri Víðivalla)	Fjórir deildastjórar
Fyrirlestur um hagnýtar að ferðir til að efla tón og málfæri í gengjum söng, rytma og málhljóð. (Helga Rut Guðmundsdóttir)	Allir starfsmenn
Hvað er börnum fyrir bestu?	Sérkennslustjóri og tveir deildastjórar
Tras námskeið	Einn deildastjóri
Skyndihjálparnámskeið	Allir
Jákvæð sálarfráði 6 kvölda námskeið hjá Endurmenntun HÍ	Leikólastjóri
reyfing og útivera (Sabína)	Allir
Raddþreyta kennara (dr. Valdís I Jóndóttir)	Leikskólastjóri
Tengslavandi barna (Vilborg G. Guðnadóttir)	Sérkennslustjóri
Faglegur leiðtogi í leikskólastarfi (Ráðstefna á vegum Rannung)	Leikskólastjóri
Krefjandi hegðun – ADHD (Ásdís Emelía Guðnadóttir)	Sex starfsmenn
Sterkari í seinni hálfleik (Árelía Eydís Guðmundsdóttir	Leikskólastjórar, sérkennslustjóri og allir deildastjórar
Við getum öll haft áhrif. Ráðstefna á vegum Landverndar	Leikskólastjóri
Fyrirlestur um samskipti og viðhorf (Pálmar Ragnarsson)	Allir
Kennum nýja færni námskeið á vegur Greiningastöðvar	Sérkennslustjóri

Barnahópurinn

Barnahópurinn tölulegar upplýsingar







Stoðþjónusta

Alls hafa 26 börn notið aðkomu sérkennslustjóra og talmeinafræðings þetta skólaár. Tveir starfsmenn hafa séð um sérkennslu í alls 1,85 stöðugildum en Krakkakot fékk úthlutað 10 tímum á dag til sérkennslu. Samráðsfundir með sérkennslufulltrúa, Margréti Þórarinsdóttur voru að meðaltali einu sinni á sex vikna fresti í vetur. Þessa fundi sátu sérkennslustjóri, leikskólastjóri, talmeinafræðingur og sálfræðingur ásamt Margréti, sérkennslufulltrúa og deildstjórum viðkomandi deilda eftir því sem við átti.

Sigurlaug Jónsdóttir, talmeinafræðingur, hefur komið einu sinni í viku og aðstoðað börn með málþroskafrávik sem ekki ná þeim viðmiðum að komast á stofu til talmeinafræðings. Eins höfum við notið samvinnu við Þóru Helgadóttur, sálfræðing.

Alls nutu tvö börn sérstakrar stuðningskennslu skólaárið 2019 - 2020.



Foreldrasamstarf

Foreldraviðtöl

Foreldrum barna sem eru að byrja í skólanum er boðið í foreldraviðtal u.þ.b. tveimur mánuðum eftir að barnið byrjar. Eins er foreldrum barna sem flytjast milli deilda á haustin boðið í viðtal þegar barnið er búið að vera um tvo mánuði á nýju deildinni. Þessi foreldraviðtöl eru valkvæð fyrir foreldra. Hefðbundin foreldraviðtöl eru einu sinni á ári, í mars – apríl.

Foreldrar eru hvattir til að koma með ábendingar til kennara eða skólastjórnenda og láta vita ef það er eitthvað sem þeir vilja koma á framfæri. Foreldrar geta einnig óskað eftir viðtali hvenær við deildastjóra eða leikskólastjóra ef þeir óska þess. Leikskólastjóri er ávalt reiðubúin til viðtals við foreldra þegar þeir óska þess. Niðurstöður foreldraviðtala voru mjög góðar og foreldrar flestir mjög ánægðir með leikskólastarfið. Foreldraviðtölin eru vettvangur foreldra til að koma með ábendingar um barn sitt og skólastarfið. Við lítum jákvætt á það að fá ábendingar um það sem betur má far í skólastarfinu.

Þátttaka foreldra/fjölskyldu í leikskólastarfinu

Leikskólinn býður fjölskyldum barnanna að koma inn í leikskólann á eftirfarandi dögum/viðburðum og þetta árið féllu nokkrir af okkar föstu viðburðum niður vegna Covid-19 faraldursins.

- Ömmu- og afadaginn
- Á foreldraviðtalsdögum
- Á skipulögðum foreldrafundum
- Útskrift elstu barna
- Aðventukaffi í lok nóvember/byrjun desember
- Foreldrar eru auk þess alltaf velkomnir í leikskólann

Viðburðir sem féllu niður í ár voru:

- Opið hús/Listadagar
- Sumarhátíð (sumarhátíð var haldin án þátttöku foreldra)

Foreldraráð

Við leikskóla skal kjósa ár hvert foreldraráð (skv. 11. gr. laga um leikskóla no. 90), þar sem sitja að lágmarki þrír foreldrar. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskólans og nefnda (fræðslunefndar), (sbr. 2. gr. 4. gr. laga um leikskóla) um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Ráðið fylgist einnig með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Að auki hefur foreldraráð umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi. Foreldraráðið starfaði samkvæmt starfsreglum sem það setti sér en skólaárið 2019-2029 sátu eftirtaldir foreldrar í foreldraráði:

Gísli Gíslason	foreldri á Heimalandi
Elísa Gyrðisdóttir	foreldri á Bjarmalandi
Þórleif Guðjóndóttir	foreldri á Bjarmalandi

Foreldrafélag

Fulltrúar foreldrafélagsins hittust eftir þörfum síðasta skólaár. Aðalfundur foreldrafélagsins var haldin 2. október 2019. Félagið studdi mjög vel við starf leikskólans og bauð upp á margvíslegar uppákomur eins og jólaleikrit fyrir jólin, leikrit á sumarhátíð, jólagjafir fyrir börnin, rútuferðir og danskennslu og tónlistakennslu svo eitthvað sé nefnt.

Skólaárið 2019-2020 sátu eftirtaldir foreldrar í foreldrafélaginu:

Herdís Sólborg Haraldsdóttir, formaður	foreldri á Álfalandi
Bergrós Guðmundsdóttir, ritari	foreldri á Heimalandi
Dóra Guðlaug Árnadóttir, gjaldkeri	foreldri á Bjarmalandi
Eygló Pétursdóttir, meðstjórnandi	foreldri á Heimalandi
Kristjana Ósk Veigarsdóttir, meðstjórnandi	foreldri á Undralandi
Brynhildur Jónasdóttir, meðstjórnandi	foreldri á Heimalandi

Túlkaþjónusta fyrir foreldra

Til að foreldrar geti gætt hagsmuna barna sinna og gagnkvæm upplýsingarráðgjöf milli foreldra og skóla sé greið, er foreldrum sem ekki tala íslensku eða nota táknmál, boðið að fá túlkun á upplýsingum sem taldar eru nauðsynlegar vegna þessara samskipta. Átta tvítyngd börn voru í Krakkakoti á síðasta skólaári og kallað var eftir túlk í þremur tilvikum.

Öryggismál

Slys á börnum

Nítján slys voru skráð frá 1. júní 2019– 28. maí 2020. Slysin áttu sér stað bæði á leikskólalóð eða 8 slys og 11 slys inni í leikstofum leikskólans. Slysin voru flest á höfði við fall og aldrei á sama svæði, hvorki innan-né utandyra. Í þremur tilfella þurfti að leita til heilsugæslu/læknis. Eitt brot og saumur í augabrún. Slysaskráningum hefur fjölgað með tilkomu skráninga á Atvik.is





Slys á starfsfólki

Tveir starfsmaður slösuðust annar lítillega og var frá vinnu einn dag en hinn slasaðist á öxl við að detta í hálku sem endaði með aðgerð á öxl.

Skráningar og eftirlit

Skólalóðin er yfirfarin á hverjum morgni áður en börnin fara út á leika til að tryggja að ekkert hættulegt reynist þar, eftirlitið er skráð á þar til gerð eyðublöð.

Óháður aðili kemur á hverju ári og tekur út leikskólalóðina og sendir skýrslu um úttektina í kjölfarið.
Slökkviliðið á Höfuðborgarsvæðinu heimsækir börnin venjulega á hverju ári en í ár felldu þeir niður heimsóknirnar vegna Covid-19 faraldursins.
Eldvarnareftirlit fer fram mánaðarlega af börnum og starfsfólki skólans og skráir á þar til gerð eyðublöð. Brunaæfing fer fram einu sinni á ári að vori. Rýmingaráætlun er til staðar í skólanum.
Allar klemmuvarnir í skólanum eru til fyrirmyndar og eru lagaðar um leið og beiðni berst til yfirmanna fasteigna.
Endurskoðuð viðbragðsáætlun Krakkakots leit dagsins ljós í byrjun mars 2020 í samræmi við áætlun Almannavarna um viðbrögð við heimsfaraldri.

Húsnæði og viðhald

- Gengið var frá aðkomulóð að Krakkakoti og er nú lóðaframkvæmdum við Krakkakoti lokið.
- Flísar sem voru brotnar á utanhúss klæðningu voru lagfærðar.

Lokaorð

Síðasta skólaár hefur verið eitt það skrítnasta sem ég hef upplifað sem leikskólastjóri. Þar er ég þá sérstaklega að vísa til heimsfaraldurs vegna Covid-19 veirunnar sem setti mikið strik í skólastarfið frá 16. mars – 4. maí með miklum takmörkunum á skólastarfinu. Eins hefur það aldrei gerst á mínum leikskólaferli að leikskólanum hafi verið lokað vegna veðurs en það gerðist tvisvar sinnum þennan veturinn. Þessi vetur er því um margt mjög sérstakur en það sem stendur uppúr er æðruleysi foreldra í Covid ástandinu og sérstaklega jákvæður og samheldinn starfsmannahópur sem sýndi mikinn metnað og dugnað við að láta leikskólastarfið ganga vel við fordæmalausar aðstæður. Ég tel að nú hafi sem aldrei fyrr sýnt sig hversu mikilvægt starfsfólk leikskólanna er þjóðfélaginu. Við erum stolt af því að hafa tekið þátt í því að vera í framvarðarsveit á tímum heimsfaraldurs og vonum að starf okkar verði metið af veðleikum samkvæmt því í framtíðinni. Starfsfólkið í Krakkakoti á mikið hrós skilið fyrir störf sín. Alltaf hefur það haldið í góðan og jákvæðan skólabrag sem einkennist af fagmennsku og framúrskarandi góðu samstarfi og má í ljósi starfsmannakönnunar Skólapúlsins benda á að starfsandinn í Krakkakoti mældist vel yfir landsmeðaltal sem má teljast mjög gott.

Stafið í Krakkakoti hefur gengið afar vel miðað við allt sem á hefur gengið og við höldum glöð inn í sumarið og höldum í vonina um betri tíð og blóm í haga.

Áfram Krakkakot

Hjördís Ólafsdóttir, leikskólastjóri.